

BRÁÐABIRGÐALÖG

48

30. marz

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Bæjarútgerð
Siglufjarðar og h.f. Bjólf á Seyðisfirði.

FÖRSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að komið hafi í ljós, að fjárhag Bæjarútgerðar Siglufjarðar sé þannig komið, að ef ekki sé unnt að útvega mun meira fé til reksturs útgerðarinnar og til þess að greiða aðkallandi kröfur, þá muni afleiðingar þær, að skipin verði að selja burt úr bænum.

Neyðarástand ríki nú í atvinnumálum Siglufjarðarkaupstaðar, og ef togararnir væru fluttir burtu úr bænum, hlýti að leiða af því algert öngþveiti í atvinnumálum staðarins og fólk mundi þurfa að yfirgefa eigur sínar og staðfestu og leita til annarra staða.

Enn fremur sé hag h.f. Bjólfur á Seyðisfirði þannig farið, að engar líkur séu til, að togarinn Ísólfur verði rekinn áfram frá Seyðisfirði, ef ekki reynist unnt að greiða ýmsar gjaldfallnar skuldir. Sala skipsins úr bænum mundi verða stórfellt áfall fyrir allt atvinnulíf í bænum og eigi þar við að miklu leyti hin sömu rök og hér að framan greinir um Siglufjarðarkaupstað.

Til þess að ráða bót á þessu ástandi telji ríkisstjórnin brýna nauðsyn bera til, að ríkissjóður taki ábyrgð á nýjum lánum, sem fengin verða til þessara tveggja útgerða.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar og með þeim skilyrðum, er hún kann að setja, að ábyrgjast lán að fjárhæð allt að tvær milljónir og níu hundruð þúsund krónur, sem Bæjarútgerð Siglufjarðar tekur hjá innlendum lánastofnunum. Svo og lán allt að þrjú hundruð og fimmtíu þúsund krónur, sem h.f. Bjólfur á Seyðisfirði tekur með sama hætti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. marz 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.